

Lyfjagjöf vegna hrörnunar í augnbotnum

Aldurstengd hrörnun í augnbotnum er ein aðalorsök sjónskerðingar og blindu. Sjúkdómurinn skiptist í tvo meginflokka það er þurra og vata aldurstengda hrörnun í augnbotnum.

Við vata hrörnun myndast nýjar æðar í augnbotni sem valda þjúg og blæðingum. Einkennin eru skyndilegar breytingar á sjón sem fela meðal annars í sér sjóntap eða brenglun á sjón þannig að beinar línur virðast bognar og aflagaðar. Mikilvægt er að meðhöndla sjúkdóminn sem fyrst til að koma í veg fyrir að hann þróist enn frekar og valdi óafturkræfum skemmdum.



Miðusjón skerðist við hrörnun í augnbotnum

Meðferð við sjúkdómnum miðar að því að stöðva eða hægja á ferli sjúkdómsins og hjá sumum batnar sjónin eitthvað. Í upphafi meðferðar er gefið lyf í glerhlaup augans í þrjú skipti á fjögurra vikna fresti. Að því loknu þarftu að panta tíma hjá augnlækni sem stýrir áframhaldandi meðferð sem felur oftast í sér frekari inndælingar með lengra millibili og eftirliti.

Undirbúningur fyrir meðferð

Fjarlægja þarf snertilinsu úr auga 24 klukkustundum fyrir komu á spítalann.

Meðferðardagur

Ekki þarf að fasta fyrir meðferðina. Óhætt er því að borða og taka inn lyf eins og venjulega.

Meðferðin fer fram á göngudeild augnsjúkdóma á Eiríksgötu 5, 2. hæð. Staðfesta þarf komu í sjálfsafgreiðsluvél á 1. hæð. Gera má ráð fyrir að vera á deildinni í 30-60 mínútur. Óvæntar aðstæður geta valdið því að meðferðartími breytist án fyrirvara. Undirrita þarf samþykki fyrir meðferðinni.

Áður en farið er inn á aðgerðarstofu er auga deyft með augndropum.

Á aðgerðarstofu er auga og húðin umhverfis sótthreinsuð til að draga úr hættu á sýkingu. Notuð er svokölluð augnsperra til að halda auganu opnu. Mikilvægt er að sitja kyrr meðan lyfið er gefið. Sumir finna fyrir vægum þrýstingi í auganu þegar lyfið er gefið.

Akstur

Ekki er ráðlagt að aka bíl fyrr en daginn eftir lyfjagjöf vegna áhrifa lyfja á sjón.

Fyrir útskrift þarf að vera búið að fá:

- Útskriftarfræðslu
- Endurkomutíma í lyfjagjöf

Útskriftarfræðsla

Augað

Til að forðast þurrk á hornhimnu augans þarf að nota gervitár án rotvarnarefna fyrstu tvær klukkustundirnar eftir lyfjagjöf á 15 mínútna fresti. Síðan á klukkustundar fresti þann dag. Gervitár fást í apótekum án lyfseðils. Vegna sýkingahættu þarf að varast að nudda augað og ekki má ekki fara í sund í fimm daga. Setja má snertilinsu aftur í augað eftir þrjú daga ef allt er eðlilegt.

Fyrst eftir lyfjagjöf má búast við að sumir finni fyrir að:

- Lífill hringur sjáist neðst í sjónsviðinu eftir lyfjagjöfina. Það er vegna loftbólur sem fer inn með lyfinu við gjöf þess og hverfur á nokkrum dögum.
- Smáar agnir birst í sjónsviðinu.
- Blóð komi undir slímhúð á hvítu augans eftir stunguna en það hverfur af sjálfu sér.
- Tilfinning sé um að aðskotahlutur sé í auganu og geta gervitár hjálpað við að draga úr þeim einkennum.
- Augað sé viðkvæmt fyrir birtu.

Verkir

Verkir í auga eru yfirleitt vægir og þá dugar að nota verkjalyf sem fást án lyfseðils í apótekum, ef þörf er á.

Vinna

Mæta má í vinnu samdægurs ef engin vandamál hafa komið upp.

Reykingar

Reykingar geta ýtt undir versnun hrörnunar í augnbotni. Þeir sem reykja eru hvattir til að hætta og geta leitað aðstoðar á heilsugæslustöðvum eða á www.heilsuvera.is (netspjall, símaráðgjöf og fræðsluefni).

Kostnaður

Greiða þarf fyrir lyfjagjöfina. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Strax á að hafa samband við deildina ef eftirfarandi einkenni koma fram:

- Sjón minnkar á mjög stuttum tíma eða hverfur
- Verkir eru í auga sem láta ekki undan verkjalyfjum
- Mikill roði er í auga

Göngudeild augnsjúkdóma er opin virka daga frá klukkan 08:00-16:00, sími: 543 1110. Eftir kl. 15:30 og um helgar má hafa samband við skiptiborð í síma 543 1000 og biðja um samband við vakthafandi sérnámslækni á augndeild.

Símanúmer

Innköllunarstjóri göngudeildar (talhólf)

543 7117

Vinsamlega skiljið eftir erindi, nafn og símanúmer í talhólfið. Erindinu verður svarað innan þriggja virkra daga.

Þetta fræðslufni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðslufnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
MIÐSTÖÐ SJÚKLINGAFRÆÐSLU
DESEMBER 2024
FRÆ-0089

ÁBYRGÐARMENN:
YFIRLÆKNIR AUGNLÆKNINGA OG
DEILDARSTJÓRI GÖNGUDEILDAR
AUGNSJÚKDÓMA

HÖNNUN:
GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR
LANDSPÍTALA